



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Lög um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila FJR25090028
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Innleiðing EES- gerðar?	☒ Já ☐ Nei
Dags.	8. september 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2021 var tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 felld inn í EES-samninginn. Alþingi hefur heimilað ríkisstjórninni að staðfesta þessa ákvörðun. Tilskipunin krefst innleiðingar í landslög. Ríkisstjórn Íslands hafði áður samþykkt óbindandi aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi árið 2012.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að tryggja með lögum að vefsetur og smáforrit opinberra aðila séu aðgengileg öllum notendum, sérstaklega fötluðu fólki. Mismunandi og ófullnægjandi kröfur hér á landi og milli Evrópuríkja hafa skapað stafrænar hindranir fyrir borgara og hamlað samkeppni og vexti á innri markaðnum fyrir þjónustu tengda vefaðgengi.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi stefna stjórnvalda frá 2012 er ekki lagalega bindandi og skortir formleg ákvæði um eftirlit, vöktun og skilvirkar úrlausnarleiðir fyrir almenning, sem eru skýr skilyrði í tilskipuninni.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Stefna hins opinbera er að auka og bæta stafræna þjónustu og tryggja að hún sé fyrir alla. Lagasetningin styður við þá stefnu og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, svo sem samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmiðið er að bæta starfsemi innri markaðarins og gera vefsetur og smáforrit opinberra aðila aðgengilegri með því að gera þau skynjanleg, nothæf, skiljanleg og traust. Þannig er tryggður jafn aðgangur að opinberri þjónustu og upplýsingum, sem stuðlar að félagslegri þátttöku og jafnrétti.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert yrði aðhafst myndi Ísland ekki standa við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Áfram ríkti misræmi í aðgengi að stafrænni þjónustu hins opinbera sem viðheldur útilokun fatlaðs fólks og annarra hópa. Aðgengismál yrðu áfram háð frjálsum vali hvernar stofnunar fyrir sig.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Hægt væri að halda áfram með óbreytta framkvæmd og treysta á aðgengisstefnuna frá 2012. Sú leið myndi þó ekki uppfylla skilyrði tilskipunarinnar um lagalega bindandi reglur, eftirlit og úrræði fyrir notendur.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu. 1. Setja sérstök, ítarleg lög um aðgengi að vefsetrum og smáforritum. 2. Fella ákvæði tilskipunarinnar inn í víðtækari lög um stafræna stjórnsýslu. 3. Setja rammalög sem kveða á um meginreglur og skyldur og veita ráðherra heimild til að útfæra tæknileg atriði í reglugerð.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Farið verður sú leið að setja rammalög (leið 3) sem mæla fyrir um meginreglur, gildissvið og skyldur opinberra aðila til að tryggja vefaðgengi. Lögin munu veita ráðherra víðtæka heimild til að útfæra nánar tæknilegar kröfur, innihald aðgengisyfirlýsingar og framkvæmd vöktunar í reglugerð. Þessi leið er valin þar sem hún veitir nauðsynlegan sveigjanleika til að bregðast við hraðri tæknipróun með því að auðveldara er að uppfæra reglugerð en lög. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Í lögum: Lögfest verður skylda á opinbera aðila til að uppfylla lágmarkskröfur um aðgengi. Skilgreint verður hvaða aðilar falla undir lögin og kveðið á um hvaða efni er undanþegið. Lögin munu tilnefna ábyrgan eftirlitsaðila og koma á fót framfylgdarmálsmeðferð. Mikilvægast er að lögin munu fela ráðherra vald til að setja nánari ákvæði í reglugerð. Í reglugerðum (með stoð í lögnum): Nánari útfærsla á tæknilegum stöðlum (t.d. með vísun í Evrópustaðalinn EN 301 549), ítarlegar kröfur um form og efni aðgengisyfirlýsingar, verklag við endurgjöf frá notendum og aðferðafræði við vöktun verða settar fram.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Já, lagasetningin er nauðsynleg til að uppfylla skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir með EES-samningnum. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fjallaði um upptöku gerðarinnar og gerði ekki athugasemdir við hana, en leitað var álits EFTA-skrifstofunnar sem taldi ekki um framsal ríkisvalds að ræða. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Áformin fela í sér setningu tæknilegra reglna um fjarþjónustu (vefsetur og smáforrit). Ekki er um ríkisaðstoð að ræða. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Já, taka þarf tillit til ýmissar grundvallarlöggjafar. Fyrst og fremst laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar en nýju lögin munu fela í sér sérstaka útfærslu á þeim réttindum sem þar eru tryggð á sviði stafrænnar þjónustu. Einnig er skörun við stjórnsýslulög, varðandi skyldur stjórnvalda, og upplýsingalög, varðandi aðgang almennings að gögnum. Þá munu kröfurnar hafa áhrif á framkvæmd laga um opinber innkaup, þar sem opinberir aðilar þurfa að gera kröfu um að keyptar lausnir uppfylli ákvæði laganna.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Opinberir aðilar (ríki og sveitarfélög), Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Proskahjálpi og önnur samtök fatlaðs fólks, samtök aldraðra, almenningur, og fyrirtæki í upplýsingatæknigeiranum sem þjónusta hið opinbera. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já, málið varðar öll ráðuneyti og stofnanir þeirra, sem og sveitarfélög. Samræming er nauðsynleg á vettvangi stjórnarráðsins. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram.

Haft var samráð við utanríkismálanefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis við meðferð þingsályktunartillögunnar um upptöku EES-gerðarinnar. 4. Fyrirhugað samráð. Frumvarpsdrögin verða birt til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Einnig verður haft formlegt samráð við helstu hagsmunaaðila, s.s. Öryrkjabandalag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Vísað er til meðfylgjandi skjals um frummat á áhrifum. Helstu áhrif eru mjög jákvæð fyrir fatlað fólk og aðra notendur stafrænnar þjónustu. Áhrif á atvinnulíf eru jákvæð vegna skýrari kröfugerðar. Lagasetningin hefur í för með sér varanlegan kostnað fyrir ríkissjóð vegna eftirlits og tímabundinn kostnað fyrir opinbera aðila vegna nauðsynlegra úrbóta.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Eftir samþykkt laganna mun ráðuneytið semja og gefa út reglugerðir með nánari útfærslu. Haldin verður kynning fyrir opinbera aðila og leiðbeiningar og fræðsluefni verða útbúin. Sá aðili sem fer með vöktun og eftirlit verður formlega tilnefndur og fær umboð til að sinna hlutverki sínu. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Til að lagasetningin nái markmiðum sínum þurfa eftirfarandi forsendur að vera uppfylltar: Skýr ábyrgð: Að tilnefndur verði einn ábyrgur eftirlitsaðili með skýru umboði til að sinna vöktun og framfylgd. Fræðsla og stuðningur: Að opinberir aðilar fái fullnægjandi fræðslu, leiðbeiningar og stuðning til að uppfylla skyldur sínar. Virk vöktun: Að reglubundið og markvisst eftirlit (vöktun) fari fram til að tryggja að kröfum sé fylgt. Samstarf: Að náð samstarf sé haft við hagsmunaaðila, sérstaklega samtök fatlaðs fólks, við framkvæmd og endurmat. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Árangur verður metinn með þeirri vöktunaraðferð sem tilskipunin kveður á um í 8. gr. og útfærð verður nánar í reglugerð. Helstu mælikvarðar eru: Hlutfall vefsetra og smáforrita opinberra aðila sem uppfylla lögboðnar aðgengiskröfur. Fjöldi og eðli ábendinga og kærumála sem berast frá notendum í gegnum formlegar endurgjafarleiðir. Niðurstöður úr reglubundnum skýrslum sem Ísland skilar til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um stöðu innleiðingarinnar. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Já, gagnaöflun er kjarnaþáttur í innleiðingu tilskipunarinnar. Lögin munu gera ráð fyrir að tilnefndum eftirlitsaðila verði falið að annast kerfisbundna gagnaöflun (vöktun) samkvæmt þeirri aðferðafræði sem mælt verður fyrir um í reglugerð. Þessi gögn verða notuð til að meta árangur, leiðbeina um úrbætur og mynda grunn að skýrslugjöf til ESA.
I. Annað

J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.